

# SÚÐAVÍKURHREPPUR

**FUNDARGERÐ 14. FUNDUR FRÆÐSLU- TÓMSTUNDAR –  
MENNINGAR- OG KYNNINGARNEFNDAR KJÖRTÍMABILÍÐ  
2018-2022**

**HALDINN Í SAL SÚÐAVÍKURSKÓLA OG Á TEAMS,  
ÞRIÐJUDAGINN 8. MARS 2021, KL. 16:15**

Mætt voru í Súðavíkurskóla:

Anna Lind Ragnarsdóttir, Oddný G. Bergsdóttir, Lilja Ósk Þórisdóttir, Eva Rós Gunnarsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Valgeir Scott, Thorsteinn H. Thorsteinsson, Halldóra Pétursdóttir, Linda Lee Bluett, Anna Sigurðardóttir, Jóhanna Ólöf Rúnarsdóttir, Úlfar B. Thoroddsen, Jade Filipa da Silva Rosa og Bragi Þór Thoroddsen.

Stella Guðmundsdóttir og Aníta Pálínudóttir voru í fjarfundi.

Á dagskrá var eftirfarandi:

1. Skólastefna Súðavíkurskóla
2. Niðurstöður ytra mats – skil á umbótaskýrslu 14. mars 2022.
3. Dægradvöl – fækkun nemenda í þeirri þjónustu.
4. Næsta skólaár 2022-2023.
5. Almennar umræður um starfsáætlun, skólastarf og skólanámskrá.

Vikið var frá dagskrá þar sem, auk nefndarinnar, voru mættir fulltrúar bæði skólaráðs og nemendaráðs auk fulltrúa foreldrafélagsins. Því var ákveðið að fara fyrst yfir umbótaáætlun í tengslum við niðurstöður ytra mats fyrst frá MMS – lið 5. Aðrir liðir voru afgreiddir í þeirri röð sem þeir koma fyrir.

1. Skólastefna Súðavíkurskóla og Súðavíkurbrepps verður uppfærð af fræðslu-, menningar-, tólmstundar- og kynningarnefnd og sveitarstjórn Súðavíkurbrepps. Stefnt er að því að klára þá vinnu fyrir vorið.
2. Niðurstöður ytra mats – skil á umbótaskýrslu 14. mars 2022.  
Skólastjóri gerði grein fyrir niðurstöðum ytra mats og var umbótaáætlun jafnframt yfirfarin undir lið 5.
3. Dægradvöl – fækkun nemenda í þeirri þjónustu.  
Dægradvöl hefur verið bætt við eftir því sem þörf hefur verið fyrir, en jafnan miðað við að börn séu ekki færri en 5. Í haust var vikið frá því viðmiði og dægradvöl haldið úti fyrir fjögur börn. Ákveðið að hafa dægradvöl með óbreyttu sniði fram að skólalokum þrátt fyrir færri börn.
4. Næsta skólaár 2022-2023.  
Frestað til næsta fundar.

5. Skólastjóri gerði ýtarlega grein fyrir öllum mats- og umbótaþáttum. Farið yfir öll helstu atriði með úrbótaáætlun. Mörg atriði voru þegar afgreidd og þeim gerð skil. Auk þessa voru önnur tímasett og lögð fram áætlun með ábyrgðaraðilum. Flestum þáttum verður lokið í vor, á skólaári 2021/2022, en önnur verða klár fyrir næsta skólaár eða klárast í byrjun skólaárs 2022/2023. Nefndin, nemendaráð, foreldrafélag og foreldarráð voru sátt við framsetningu og áætlun.

Annað ekki gert. Fundi slitið kl. 18:35